

Ágæti viðtakandi.

Fyrir hönd Fjölbautaskólans við Ármúla sendi ég neðangreinda umsögn/ályktun vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, o.fl., 106 mál.

Fjölbautaskólinn við Ármúla hafnar öllum breytingum á lögum nr. 86 frá 2011 um verslun með áfengi og tóbak. Það er ljóst að mikill árangur hefur náðst síðustu ár í forvarnarstarfi og minnkandi drykkja íslenskra unglinga staðreynd. Vísa má á rannsóknir Rannsóknna og greiningar um líðan ungs fólks sem hafa verið framkvæmdar síðustu 10 ár. Allar rannsóknir þeirra benda til þess að drykkja ungmenna sé á niðurlæð og er það jákvæð þróun fyrir samfélagið. Hætt er við því að greiðara aðgengi áfengis í smásölu, þ.e. fleiri sölustaðir, myndi hafa neikvæð áhrif og hugsanlega auka neyslu ungmenna. Miklar skyldur eru lagðar á framhaldsskólana hvað varðar forvarnir og gott starf verið unnið síðustu ár. Því starfi væri stefnt í voða með breytingu á núgildandi lögum. Fullyrða má að frumvarpið stangast á við stefnu stjórnvalda í áfengis- og vímuefnavörnum þar sem markmiðið er að hafa lýðheilsusjónarmið að leiðarljósi. Í ljósi ofangreindra atriða er öllum breytingum hafnað er varða lög um verslun með áfengi og tóbak, o.fl. 106. mál.

Kær kveðja/ Best regards,  
Steinn Jóhannsson  
Skólameistari / Head Master